

Fundur í Framkvæmdaráði Snæfellsness

20. fundur ráðsins haldinn föstudaginn 21. nóvember 2008

kl. 13.00 í Grundarfirði

Á fundinn mættu:

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, robert@nsv.is,
Erla Friðriksdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, erla@stykkisholmur.is
Margrét Björk Björnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, maggy@ssv.is
Guðrún Lára Pálmadóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, gudrunp@ust.is,
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, ragnhildurs@lbhi.is,
Sólrun Guðjónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, solrun@fsn.is,
Þórey Jónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, thorey@ragnarogasgeir.is
Þórunn Sigþórsdóttir, starfsmaður Framkvæmdaráðs, thorunn@nsv.is

Dagskrá fundar:

1. Framkvæmdaáætlun 2008
 - a. Þórunn fór yfir stöðu verkefna sem ljúka á árið 2008. Mörgum verkefnum er lokið en eftir á að hnýta endahnútinn á allnokkur. Gert er ráð fyrir að ljúka flestum þeirra fyrir áramót.
 - b. Róbert segir frá úttekt í júlí 2008 þar sem allt reyndist í lagi og nú fer að líða að seinni úttekt ársins til að uppfylla þau skilyrði sem vottunin fól í sér. Undirbúningur hennar gengur vel.
2. Framkvæmdaáætlun 2009
 - a. Róbert fór yfir nýja framkvæmdaáætlun og kynnti þá nýjung að áætlunin er tengd áhættumati í tengslum við sjálfbærnivísa. Komu fram nokkrar tillögur að lagfæringum og breytingum, sem gerðar verða á áætluninni áður en hún verður lögð fyrir bæjar- og sveitastjórnir. Guðrún og Ragnhildur taka að sér að lagfæra kafla 4.12 með tilliti til fornleifa og menningarlandslags.
 - b. Samþykkt að leggja verkalista framkvæmdaáætlunar óbreyttan fyrir með fyrirvara um óbreytt fjárframlög. Verði breytingar á fjárveitingum mun Framkvæmdaráð endurskoða verkalistann.
3. Fjárhagur 2008. Þórunn kynnti fjárhagsstöðu Framkvæmdaráðs/Héraðsnefndar, en útlit er fyrir að staða reikningsins verði neikvæð um u.þ.b. tvær milljónir króna í árslok. Sótt hefur verið um framlag til Alþingis á fjárákalogum 2008 og fjárlögum 2009.
4. Gróf áætlun um útgjöld árið 2009 var kynnt. Þar er gert ráð fyrir útgjöldum upp á um 10 milljónir króna.
5. Umhverfisstjórnunarhandbókin. Þórunn kynnti stöðu handbókarinnar, sem hefur verið í vinnslu þeirra Þórunnar og Stefáns Gíslasonar undanfarin misseri. Í henni er m.a. fjallað um öflun og geymslu gagna, verklagsreglur o.fl. Þessi handbók verður tiltæk hjá öllum sveitarfélögunum.
6. Bæklingur fyrir árið 2009. Hugmynd um að gefinn yrði út einn bæklingur/kort af Snæfellsnesi í stað tveggja eða fleiri. Fundarmenn sammála um kosti þess að auka

- samráð og verður það gert þegar nær dregur. Haft verður samráð við Vesturlandsstofu (markaðsstofu Vesturlands), Ferðamálasamtök Snæfellsness, Eflingu Stykkishólms, FAG í Grundarfirði og e.t.v. fleiri aðila.
7. Innlimun Green Globe verkefnisins í starfsemi sveitarfélaga. Róbert sagði frá áhyggjum sínum um að litið væri á verkefnið sem hliðarverkefni í starfsemi sveitarfélaganna en það ætti að vera hluti af daglegri starfsemi og snerti í raun alla starfsemi sveitarfélaganna.
 8. Önnur mál. Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 15.50